

Hringrás - Akureyri  
Ægisnes 1  
600 Akureyri

Reykjavík, 6. apríl 2020  
UST202003-058/S.M.  
08.14.02

### Lokunareftirlit - Hringrás Akureyri

Þann 25. mars sl. var staðfest að lokafrágangur vegna rekstrarstöðvunar spilliefnamóttöku Hringrásar á Akureyri telst fullnægjandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllt

*Sigríður Magnúsdóttir*

Sigríður Magnúsdóttir

*Halla Einarisdóttir*

Halla Einarisdóttir

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

# EFTIRLITSSKÝRSLA



Hringrás hf, Akureyri Krossanesbraut/Ægisnes 1, Akureyri

<b>Dags eftirlits</b>	25.3.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hringrás hf, Akureyri	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Ægisnes 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Lokunareftirlit
<b>Kennitala</b>	5106131390	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Alexander Edvardsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.22.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	540324,643 578806,94

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Skýrsla þessi er til staðfestingar á að lokafrágangur vegna rekstrarstöðvunar spilliefnamóttöku á starfstöð Hringrásar á Akureyri telst fullnægjandi. Engin frávik komu fram og engar ábendingar voru gerðar.

Á starfstöðinni er áætlað að reka söfnunarstöð fyrir úrgang og hefur verið sótt um starfsleyfi fyrir þeirri starfsemi hjá heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.

## UMFANG EFTIRLITS

Þann 21. janúar sl. barst Umhverfisstofnun erindi frá Hringrás þar sem óskað var eftir niðurfellingu starfsleyfis fyrirtækisins vegna starfstöðvar þess á Akureyri. Fram kom í erindinu að rekstraraðili væri hættur meðhöndlun spilliefna og hefði samhlíða sótt um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu fór lokunareftirlit ekki fram á staðnum, þess í stað var tekið tillit til síðustu eftirlitsskýrslu, lokunaráætlunar og staðfestingu á frágangi með myndum af starfstöðinni frá rekstraraðila.

Frágangi vegna spilliefnamóttöku Hringrásar á Akureyri telst lokið, engin frávik komu fram og engar athugasemdir voru gerðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.04.2020

Sigríður Magnúsdóttir